

1926

Föstudaginn 29. október 1993.

Nr. 431/1993. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**

gegn

Ólafi Gunnarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. október 1993, sem Hæstarétti barst 26. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. október 1993.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess, að Ólafur Gunnarsson, kt. 200455-3049, með lögheimili að Suðurhólum 24 í Reykjavík, en dvalarstað að Flétturima 11 í Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 föstudaginn 19. nóvember nk. vegna grunar um brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986 um ávana- og fíkniefni og 173. gr. a alm. hgl. nr. 19/1940.

Rannsókn máls þessa hófst 25. júlí sl. Hefur hún beinst að fjórum ferðum til fíkniefnakaupa erlendis á þessu ári og innflutningi á efnum þessum til landsins. Þeir aðilar, sem báru fíkniefnin til landsins og höfðu milligöngu um að útvega þau erlendis, hafa verið yfirheyrðir hjá lögreglu og þeir játað aðild sína að málinu. Allir þessir aðilar hafa borið á þann veg, að kærði hafi skipulagt og fjármagnað utanferðir þeirra.

Þorgeir Jón Sigurðsson, sem yfirheyrður var hjá lögreglu í gær, hefur viðurkennt að hafa haft milligöngu um innflutning á töluverðu magni af fíkniefnum til landsins allt frá því í maí 1992 þar til í júní á þessu ári.

Hefur Þorgeir Jón borið, að kærði hafi skipulagt og fjármagnað fíkniefnakaup sín erlendis.

Af framansögðu þykir rökstuddur grunur vera um, að kærði hafi skipulagt og fjármagnað innflutning á miklu magni af fíkniefnum. Brot þetta getur varðað kærða fangelsisrefsingu lögum samkvæmt. Rannsókn máls þessa er ólokið. Framburður Þorgeirs Jóns Sigurðssonar hjá lögreglu er mjög ýtarlegur, og hefur hann aukið mjög umfang rannsóknar málsins. Vegna nýrra upplýsinga, sem koma fram í framburði hans, ber nauðsyn til að yfirheyra fleiri aðila, sem hugsanlega eru viðriðnir málið, svo og fleiri vitni. Þá hefur komið fram, að gerð hefur verið krafa um, að tveir menn, sem grunaðir eru um aðild að málinu, verði framseldir frá Svíþjóð. Er eftir að hafa upp á þessum mönnum, handtaka þá og yfirheyra. Þar sem hætta þykir á, að kærði muni torvelða rannsókn málsins, fari hann frjáls ferða sinna, svo sem með því að afmá merki eftir brot eða hafa áhrif á vitni eða samseka, þykir verða að taka kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um áframhaldandi gæsluvarðhald á hendur kærða til greina með vísan til aliðar 1. mgr. 103. gr. 1. nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Þó þykir nægilegt, að kærði sæti gæsluvarðhaldi til föstudagsins 5. nóvember nk. kl. 16.00. Ekki er fallist á, að 2. mgr. 103. gr. 1. nr. 19/1991 eigi við í máli þessu.

Um gæsluvarðhaldsvist gilda ákvæði 108. gr. 1. nr. 19/1991 og rgl. nr. 179/1992. Ákvörðunarvald um tilhögun þeirrar vistar, þ. e., hvort gæsluvarðhaldsfangi sæti einangrun eða ekki, er í höndum rannsóknara, forstöðumanns fangelsis og Fangelsismálastofnunar ríkisins, sbr. III. kafla áðurnefndrar reglugerðar. Ákvörðunarvald um önnur atriði, svo sem heimsóknir, bréfaskipti, símtöl o. fl., er einnig í höndum rannsóknara eða forstöðumanns fangelsis. Samkvæmt 3. mgr. 108. gr. 1. nr. 19/1991 er gæsluvarðhaldsfanga hins vegar heimilt að bera undir dómara þau atriði, sem varða gæsluvarðhaldsvistina. Þar sem ákvörðunarvald um tilhögun gæsluvarðhaldsvistar er í höndum framangreindra aðila og um gæsluvarðhaldsvistina gilda ákveðnar reglur, þykir ekki unnt að taka til greina þá kröfu verjanda kærða, að kærði njóti þeirra réttinda, sem greinir í tölu-liðum a - e í 108. gr. 1. nr. 19/1991.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kærði, Ólafur Gunnarsson, sæti gæsluvarðhaldi áfram, allt til kl. 16.00 föstudaginn 5. nóvember 1993.